

**Samkomulag
um breytingu og framlengingu á kjarasamningi
milli
Stéttarfélags verkfræðinga
og
Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands
annars vegar
og
Orkuveitu Reykjavíkur
hins vegar**

Ofangreindir aðilar gera svofellt samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila frá 22. ágúst 2008.

Aðfararsamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samkomulags þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

**Samkomulag um breytingu og
framlengingu á kjarasamningi frá 22. júní 2011**

1. gr.

Samkomulag þetta gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um samkomulag þetta og falla þá öll ákvæði þess úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

2. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011: 4,25%.
1.2. 2012: 3,5%.
1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 59.600.
Á árinu 2012 kr. 61.600.
Á árinu 2013 kr. 63.600.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

4. gr.

Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Greiðsla yfirvinnu með frítöku
- Ólaunaðir frídagar á ferðum

5. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.


6. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 14:00 föstudaginn 24. júní 2011.

Reykjavík, 7. júní 2011



F.h. Stéttarfélags verkfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Anna Níels
Hildur Ingvardsdóttir

F.h. Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Kristinn Þór Sigurjónsson

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur
sameignarfyrirtækis með fyrirvara
um samþykki stjórnar


Steinar Eiríksson
Páll Ólafsson

Óskar Norðmann